

Nefndasvið Alþingis
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. nóvember 2023
Málsnúmer: 202311-0019
SS

Efni: Tillaga til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 9. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að þingsályktun um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt, 61. mál.

Tillagan var áður lögð fram sem 125. mál á 153. löggjafarþingi en þá sem þjóðaráttak í landgræðslu einungis. Tillagan er að stærstum hluta sú sama en bætt hefur við skógrækt sem viðfangsefni og texti tillögunnar sniðinn að þeirri breytingu.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um fyrri tillöguna þann 3. janúar 2022. Þar var tekið undir meginmarkmið tillögunnar en einnig bent á að gæta þurfi þess að samræma aðgerðir við framfylgd alþjóðasamninga t.d. er varðar líffræðilega fjölbreytni og einnig bent á að forðast eigi landgræðslu með framandi ágengum tegundum.

Síðan tillagan var lögð fram síðast hafa ýmsar forsendubreytingar orðið. Sú stærsta að samþykkt hefur verið að sameina Landgræðslu og Skógrækt í eina stofnun, Land og skóg. Er nýrri stofnun gefið skýrt hlutverk í tillögunni. Þá hefur verið lögð fram ný stefna matvælaráðherra í landgræðslu og skógrækt, Land og líf.

Náttúrufræðistofnun telur eins og áður að aukin þátttaka almennings í landgræðslu og skógrækt sé jákvætt markmið en tryggja verður að fylgt sé þeim markmiðum um framkvæmd og áhrif landgræðslu og skógræktar sem fram koma í stefnunni Land og líf. Þar vill Náttúrufræðistofnun sérstaklega nefna markmið um að efla vernd, viðgang og heilleika vistkerfa á grunni vistkerfisnálgunar og að efla og vernda líffræðilega fjölbreytni. Til að tryggja þetta eru lykilviðfangsefni skilgreind í aðgerðaáætlun stefnunnar sem Náttúrufræðistofnun telur afar brýnt að sé unnið að sem fyrst. Þar má nefna gerð nýrra gæðaviðmiða við val á landi til skógræktar og gerð áhættumats á notkun algengustu trjátegunda í skógrækt. Einnig breytingar á beitarstjórnun og síðast en ekki síst stóruáttak á rannsóknum og vöktun á áhrifum landgræðslu, skógræktar og endurheimtar votlendis á líffræðilega fjölbreytni, kolefnisbúskap, viðnámsþrótt og þanþol vistkerfa o.fl. sem talið er upp í aðgerðaáætluninni. Þessar aðgerðir eru nauðsynlegar til að móta skýran og faglega mótaðan ramma utan um fyrirkomulag landgræðslu og skógræktar sem öll verkefni í landgræðslu og skógrækt þurfa að fylgja, þar með talið mögulegt þjóðaráttak um þátttöku almennings.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar um málið eins og við á.



Virðingarfyllst,

Eydís Líndal Finnbogadóttir

Eydís Líndal Finnbogadóttir
Forstjóri

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

